

## Fjölbreyttar kennsluaðferðir

Flokkur: Tjáning

### Klósettpappírsleikurinn

**Hvað æfir aðferðin?** Fólk kynnist og sér nýjar hliðar á fólki sem það þekkir fyrir. Þetta getur líka verið mjög góður leikur til að stýra ákveðinni umræðu. Æfir framburð, tjáningu og málfræði.

**Stutt lýsing:** Þátttakendur sitja í hring og deila einhverju persónulegu með hópnum.

**Fjöldi:** Leikurinn passar fyrir 4 þátttakendur og fleiri. Það getur verið ágætis viðmið að hafa ekki mikið fleiri en 10 saman í hóp þannig að þægileg umræða skapist.

**Nauðsynlegt efni eða aðstaða?** Klósettpappír, stóla ef vill

**Nákvæm lýsing** Hópurinn er látinn setjast í hring. Stjórnandinn býr til sögu um það að nú ætli allir saman í fjallgöngu í 3-4 daga. Hann spyr hópinn hvort einhver hafi gengið áður á fjöll og hvort fólk viti hvað maður þarf með sér í svona göngu. Það er líka farið aðeins í á hvað svona ganga reynir – andlega og líkamlega og hópurinn undirbúinn til að standa vel saman áður en lagt er í hann. Allir fá ímyndaðan bak-poka og örlitla stund til að hugsa hvað þeir ætli að taka með sér. Stjórnandinn segist svo búinn að yfirfara pokana og sjái að hópurinn sé með það mikið að hann neyðist til að deila klósettpappír í ferðinni, það geta ekki allir tekið heila rúllu. Síðan afhendir stjórnandinn hópnum rúllu og er hún látin ganga og fólk beðið að taka með sér eins og það þurfi í þessa daga – þessi athöfn skapar yfirleitt mikla kátínu og fjörlegar umræður.

Þegar allir eru komnir með pappír segir stjórnandinn frá því að nú sé hópurinn búinn að ganga saman í 1-2 daga og að nú sé kominn tími til að tendra eld og kynnast aðeins betur. Hópurinn er látinn ímynda sér varðeld í miðju hringsins. Síðan rífur hver og einn eitt snífsi og hendir í eldinn um leið og hann segir eitthvað um sig persónulega. Best er að þetta gangi alltaf sama hringinn og skal lögð áhersla á að hlusta vel á þann sem hendir í eldinn hverju sinni. Þetta er góð æfing fyrir fólk til að spegla sjálft sig og má í framhaldinu láta hvern og einn vinna með það sem hann sagði um sjálfan sig. Voru þetta bara staðreyndaupplýsingar eins og hvað fólk var gamalt, hvar það fæddist, átti mörg systkini, í hvaða skóla það gekk o.s.frv. eða var fólk virkilega að gefa af sjálfu sér og segja hvað því fyndist skemmtilegt að gera, hvar það hefði kynnst makanum sínum, hver væru framtíðaráform þess o.s.frv. Það má líka fara í þennan leik þannig að stjórnandinn byrji hringinn og svo svara allir sömu spurningu og hann. Þannig getur stjórnandinn sagt; “kjúklingur er uppáhalds maturinn minn” og þá segja allir hinir hver sé þeirra uppáhaldsmatur. Þannig getur stjórnandinn stýrt umræðunni og fengið fram það sem hann vill að hópurinn vinni með. Hægt að stýra umræðunni í ákveðnar áttir s.s. að tala um ræturnar og þá þarf hver að deila einhverju um sínar rætur, hvað gerði mig að þeirri manneskju sem ég er í dag.

**Hvaðan fékkstu vitneskju um þessa aðferð/ leik?** Lærðum þennan leik á hópeflisnámskeiði hjá Össu, þekkingu og ráðgjöf

**Nafn og hvaðan af landinu kemur þú?** Bryndís Inda Stefánsdóttir og Kristín Björk Gunnarsdóttir, Akureyri, höfundar námsefnisins „Íslenska á allra vörum“